

Starfsáætlun



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Waldorfskólinn Lækjarbotnum

2022-2023

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	4
Stjórnskipan skólans	4
Skilgreining nefnda.....	5
Starfssvið og menntun starfsfólks.....	6
Helstu viðburðir skólaársins	10
Tilhögun kennslu	11
Nemendaverndarráð.....	11
Stuðnings- og sérkennsla	12
Markmið sérkennslu	12
Heimanám.....	12
Tilgangur	12
Umfang.....	12
Skipulag.....	13
Dagshrynjandi	13
Starfsáætlun nemenda.....	14
Nánari útfærsla kennslutíma	14
Samræmd próf	15
Vettvangsferðir og skólaferðalög.....	15
Móttökuáætlun barna með íslensku sem annað mál	16
Innritun:	16
Móttökuviðtal	16
Stöðumat.....	16
Undirbúningur starfsfólks	17
Fyrstu skrefin í skólanum	17
Undirbúningur bekkjarins	17
Áframhaldandi foreldrasamstarf	17
Fræðsla fyrir kennara og starfsmenn	17
Val nemenda í 8.-10.bekk	17
Samstarf við aðra skóla	18
Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð	18
Starfsáætlun skólaráðs.....	18
Ábyrgð fulltrúa í skólaráði.....	19
Foreldrafélag.....	19
Nemendaráð	19
Starfsáætlun nemendaráðs.....	19

Foreldrasamstarf.....	20
Símaskrá.....	20
Vefsíða	20
Foreldrahandbók.....	20
Fréttabréf.....	20
Samfélagsmiðlar.....	20
Foreldraviðtöl og foreldrafundir	20
Skólabragur og skólareglur	21
Mat á skólastarfi	23
Viðfangsefni innra mats	23
Umbótaáætlun.....	23
Upplýsingar um stoðþjónustu.....	25
Skólaheilsugæsla	25
Námsráðgjafi	25
Sálfræði- og barnaverndarþjónusta	25
Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf.....	25
Símenntunaráætlun	26
Námskeið og gestakennarar:	26
Fyrirlestrar fyrir kennara, foreldra og almenning:	26
Innra samstarf og endurmenntun.....	26
Rýmingaráætlun.....	27
Starfssvæði og kort	27
Rýmingar á kennslustofum	28
Viðbrögð við vá	28
Veikindafaraldur.....	28
Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta	28
Viðbragðsáætlun við eldgos.....	28
Viðbragðsáætlun vegna óveðurs	29
Skólaakstur	29
Skólamáltíðir	30
Annað er varðar starfsemi skólans ár hvert.....	30

Hagnýtar upplýsingar

Í *Lögum um grunnskóla nr. 91/2008* er tilgreint í 29. grein að skólar skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Waldorfskólinn Lækjarbotnum mun birta uppfærða skólanámskrá sína á starfsárinu 2022-2023 og starfsáætlun á www.waldorfskolinn.is. Bekkjarnámskrár eru birtar árlega í upphafi skólaárs. Í þessari útgáfu starfsáætlunarinnar er áhersla lögð á þau atriði sem tilgreind eru í 29. grein *Laga um grunnskóla* og talin eru upp í *Viðmiði fyrir starfsáætlun grunnskóla Kópavogs* sem unnið var af Menntasviði Kópavogs.

Starfsáætlun Waldorfskólans Lækjarbotnum er upplýsingarit um skólann, auk þess sem hún er handbók og stefnumótandi rit fyrir skólastarfið. Starfsáætlunin er endurskoðuð árlega og inniheldur helstu upplýsingar um skólann, áherslur og markmið með skólastarfinu. Hún heldur einnig utan um skipulag og helstu verkefni skólaársins, fyrirkomulag kennslu, venjur og siði í skólastarfinu.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þegar ljóst er að starfsáætlun skóla hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds skal hún lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar.


Skólaárið 2022-2023 hefst á starfsdegi 15. ágúst með starfsmannafundi en skólasetning er 19. ágúst og fyrsti skóladagur nemenda er mánudaginn 22. ágúst. Foreldra- og nemendaviðtöl eru í október og lok janúar. Skólaslit verða 8. júní 2023. Alls eru um 78 nemendur í skólanum og skiptast þeir í fimm bekkjardeildir. Skólaskrifstofa er opin frá 8:30-12:30 alla virka daga.

Stjórnskipan skólans

Waldorfskólinn Lækjarbotnum er heildstæður sjálfstætt rekinn grunnskóli. Samkenndsla tveggja árganga á sér stað; 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur. Áhersla er lögð á viðveru umsjónarkennara í flestum kennslustundum á yngsta stigi en á öllum stigum kenna fagkennarar í samstarfi við umsjónarkennara. Áhersla er á úti- og upplifunarnám og á yngsta- og miðstigi er vettvangsferð hvern mánudag yfir allt skólaárið.

Skólastjóri er Hildur Margrétardóttir og er hún ábyrgðaraðili fyrir skólann í samstarfi við Skólanefnd en felur starfsmannaráði daglegan rekstur og umsjón á innra starfi skólans. Stjórnarfyriorkomulagið er flöt stjórnun, lárétt skipulag sem felur ekki í sér yfirstjórn. Starfsmannafundir eru vettvangur fyrir allar ákvarðanir er varða rekstur skólans og innra starf. Starfsmannaráð skipa starfsmenn skólans og taka þeir þátt í ákvörðunum er varða stjórnun skólans á starfsmannafundum.

Starfsmannafundir eru tvisvar í viku, alla þriðjudaga og fimmtudaga skólaársins. Á þriðjudögum milli kl 14:45-15:45 eru ákvarðanir teknar er lúta að rekstri skólans en á fimmtudögum frá kl. 15-18 er fjallað er um kennslufræðilega þætti starfsins, fagfundir yngri- og eldri deilda ásamt nefndarfundum. Verksviðum starfsmannaráðs er skipt niður á ábyrgðarsvið og nefndir en allar ákvarðanir eru teknar í starfsmannaráði eða í umboði þess. Áhersla er lögð á að jafnræði ríki meðal starfsmanna, að hver einstaklingur sé virkur, geti haft mótandi áhrif á starfið og að allir starfsmenn séu samábyrgir fyrir því starfi sem fram fer. Fundarnefnd skipuleggur starfsmannafundi og hefur yfirsýn yfir störf nefnda og ábyrgðarsviða.



Skilgreining nefnda

Skólanefnd er skipuð skólastjóra og tveim fulltrúum starfsfólks. Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- Samskipti við skólayfirvöld.
- Samskipti við menntasvið og menntaráð Kópavogs.
- Starfsáætlun skólans.
- Umsjón með innra mati og gæðamati skólans.
- Umbótaáætlun skólans.
- Mannaráðningar og mannaforráð innanhúss.
- Starfshlutföll starfsmanna.
- Stundatöflur og lotuplön.
- Skóladagatal.
- Afleysingar og skipulagningu forfallakennslu.
- Starfsmannavernd.
- Starfsmannaviðtöl.
- Samskipti við trúnaðarmenn, vinnustaðasálfræðing og eru upplýsandi/leiðandi/berandi í umræðu um gildi og viðmið í samskiptum.

Fagráð er skipuð tveim mentorum af yngra og eldra stigi ásamt skólastjóra.

Verksvið nefndarinnar er:

- Skipulagning símenntunar.

- Umsjón með leiðsagnarkennslu fyrir kennara.
- Fagleg eftirfylgni og stuðningur við kennslu.
- Umsjón með kennsluáætlunum árganga.
- Umsjón með námsmati, símati og leiðsagnarmati.

Oikos er húsa- og lóðanefnd. Í henni sitja fulltrúi úr leikskóla og fulltrúar úr skóla.

Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- Öryggismál: brunaæfingar, rýmingaráætlun, hópslysaáætlun vegna skólarútu.
- Umhverfismál: flokkun á rusli, safnhaugar og sorphirsla.
- Skipulagning vinnuhelgar foreldra á vor- og haustönn í samvinnu við foreldrafélag.
- Skipulagning garðyrkjudags á vor- og haustönn.
- Skipulagning umhirðu útisvæðis yfir sumartímann í samvinnu við foreldrafélag.
- Viðhald og endurbætur á eignum skólans, húsnæði og leiktækjum.
- Umsjón með þrifkompum.
- Framtíðarskipulag svæðisins.
- Útlán á húsnæði skólans.

Vox Cultura er menningarnefnd. Í henni sitja fulltrúar frá leikskóla og skóla.

Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- Skipulagning stóra foreldra fundarins, einu sinni á skólaári.
- Skipulag og framkvæmd skemmtana.
- Skipulag starfsmanna helgar, einu sinni á hvorri önn.
- Halda utan um viðburði, stórafmæli og starfsmannagjafir.

Starfssvið og menntun starfsfólks

Anna Rut Steinsson, handavinna 1.-10. bekkur, situr í skólanefnd og nemendaverndarráði.

Rudolf Steiner Lærerseminariet, Kaupmannahöfn, waldorf kennaramenntun 2009-2010.

Iðnskólinn í Reykjavík, Klæðskeri 1992-1996.

Malmö designskole, Malmö, hönnunarnám 1991-1992.

Aðalheiður Jóhanna Ólafsdóttir, fagkennari og situr í fagráði.

Nemi í diplóma fyrir kennslufræði frá HA, 2022-.

MA í Eurythmy Meðferð, Alanus Hochschule, Þýskaland, 2012.

BA í Eurythmy, Alanus Hochschule, Þýskaland, 2011.

Diploma í Eurythmy, Witten Annen Institut für Waldorfpædagogik.

Bergþóra Einarsdóttir, stærðfræðikennari og sérkennsla.

Master í kennslufræðum Háskóli Íslands, 2020.

Jógakennari, Jógasetrið, 2012.

Diplóma í samtímadansi frá LHÍ 2011.

B.A. Spænska með íslensku sem auka grein, 2009.

Björk Bjarnadóttir, aðstoðar matráður.

Björn Logi Sigurbergsson, skólaliði.

M.S í tölvuverkfræði, TU Delft, Hollandi.

B.S verkfræði, Háskóli Íslands.

Claudia Breidsprecher, stærðfræðikennari og innheimtufulltrúi.

B.S. Verkfræði frá Universitat Bayreuth í Þýskalandi.

Elodie Francine M. Dassaint, matráður.

Freyja Eilíf Draumland Helgudóttir, umsjónarkennari 3.-4. bekk.

BA í listum, Listaháskóli Íslands 2012.

Diplómanám í teikningu, Myndlistaskólinn í Reykjavík 2011.

Fornám í myndlist og hönnun, Myndlistaskólinn í Reykjavík 2009.

Guðjón Árnason, bílstjóri.

Rudolf Steiner Seminaríet, Järna, Lífræn ræktun, 1983-1984.

Meirapróf, 1990.

Hildur Margrétardóttir, skólastjóri.

Stjórnunarfræði menntastofnanna, Háskóli Íslands, 2014.

Waldorflärrárhögskolan, Stockholm, kennsluréttindi í Waldorf kennslufræði, 2014-2017.

Listaháskóli Íslands, diplóma í kennslufræði, 2010-2011.

University College London-The Slade School of Fine Art, MFA myndlist, 2003-2005.

Listaháskóli Íslands B.A. í myndlist, 1995-1999.

Ingibjörg Björnsdóttir, aðstoðakennari.

Rudolf Steiner Lærerseminaríet, Skanderborg, Waldorf kennaramenntun, 2002-2006.

Ívar Brand Hollanders, umsjónarkennari 9.-10. bekk.

Stundar nám í Waldorf kennslu- og uppeldisfræði.

Listaháskóli Íslands, 2012-2013.

Listnám í framhaldsskóla.

Sirkus Kennsla (sumarnámskeið): á ýmsum stöðum á landinu á árunum 2009-2016.

Ívar Zophonías Sigurðsson, skólaliði.

Höfuðbeina- og spjalhryggjarmeðferðaraðili, CST1, CST2.

Upleadger stofnunin á Íslandi 2019-2020.

Tækniskólinn, rafiðnaðarbraut 2015-

Borgarholtsskóli, Margmiðlunarhönnun 2009-2012.

Menntaskólinn við Sund - viðskiptafræðibraut 2007-2009.

Katrin Heymann, tónlistarkennari.

B.A. í þýsku og bókmenntum og uppeldisfræði við Humboldt University Berlin.

B.A. í tónlist með áherslu á þverflautu við Hochschule der Künste, now University of Arts Berlin.

Mia Maria Westring, aðstoðar matráður.

Outi Pauliina Kuosmanen, umsjónarkennari og eldsmiður, 7.-8. bekk.

Steiner-Waldorf teacher education programme - Snellman (Finnland), 2012.

B.A. almenn trúarbragðafræði, 2011.

Waldorf kennslu- og uppeldisfræði nám, 2004-2007 (Ísland).

B.A. í íslensku fyrir erlenda stúdenta HÍ, 2005.

Salbjörg Ýr Guðjónsdóttir, umsjónarkennari í 5.-6. bekk.

Stundar nám í waldorf kennslu- og uppeldisfræði.

Listaháskóli Íslands, B.A. í myndlist, 2012-2015.

Myndlistaskólinn í Reykjavík, fornam, 2011-2012.

Leiðsöguskólinn, leiðsögunám, Ísland, 2009-2010.

International Youth Initiative Program, social entrepreneur, Svíþjóð, 2008-2009.

Kjesäters folkhögskola, Ljósmyndun, Svíþjóð, 2005-2006.

Sólveig Þorbergsdóttir, smíðakennari 1.-10. bekk, mentor eldra stígs, situr í fagraði.

Waldorf kennslu- og uppeldisfræði, 2004-2007.

Starfsleikninám í almennum grunnskólum KHÍ, 1996.

Gönguleiðsögumaður, 1997 frá Leiðsöguskóla Íslands.

B.A. próf í myndlist frá HKV Utrecht, Hollandi, 1992.

Sylvía Líf Árnadóttir, umsjónarkennari í 1.-2. bekk.

Meistaránám í kennslu samfélagsgreina, MT. KHÍ, 2020-2022.

BSc í ferðamálafræði með viðskiptafræði sem aukagrein - Alþjóðaviðskipta- og markaðsfræðisvið. HÍ 2015 - 2018.

Hawaii Pacific University - Nám í fjölmiðlafræði og almannatengslum 2014.

Viðskiptafræðideild HR, 2013.

Kvennaskólinn, náttúruvísindabraut 2010 - 2013.

Tinna Ásgeirsdóttir, ritari.

Grafísk hönnun, Promennt, 2020.

Skrifstofuskóli NTV, 2016.

Prentsmiður/Grafískur miðlari frá Iðnskólanum í Reykjavík, 2007.

Viktor Jort Hollanders, aðstoðarkennari og skólaliði.

Stúdentspróf.

Þóra Björg Sigurðardóttir, íslenskukennsla, sérkennsla á unglingastigi.

Viðbótardiplóma til kennsluréttinda, KHÍ, 2021.

M.A. íslensku og menningardeild HÍ., 2011.

M.A. heimspeki HÍ, 2008.

Háskólinn í Utrecht, kvennafræði, 2008.

Enskunámskeið IELTS Edinborg, 2007.

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Waldorfskólinn Lækjabortnum

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1. Mífridagar verkseminna	1. F	1. L	1. P	1. P	1. F	1. S	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F
2. P Ósló kurs	2. F	2. S	2. M	2. M	2. F	2. M	2. F	2. F	2. S	2. P	2. F
3. M Ósló kurs	3. L	3. M	Foreldravíðtöl	3. F	3. L	3. P	3. F	3. F	3. M	3. M	3. L
4. F Ósló kurs	4. S	4. P	Foreldravíðtöl	4. F	4. S	4. M	4. L	4. L	4. P	4. F	4. S
5. F Ósló kurs	5. M	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M
6. L	6. P	6. F	6. F	6. S	6. P	6. F	6. M	6. M	6. F	6. L	6. P
7. S	7. M	7. F	7. F	7. M	7. M	7. L	7. P	7. P	7. F	7. S	7. M
8. M	8. F	8. F	8. L	8. P	8. F	8. S	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F
9. P	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. M	9. F	9. F	9. S	9. P	9. F
10. M	10. L	10. M	10. F	10. F	10. L	10. P	10. F	10. F	10. M	10. M	10. L
11. F	11. S	11. P	11. F	11. F	11. S	11. M	11. L	11. L	11. P	11. F	11. S
12. F	12. M	12. M	12. S	12. L	12. M	12. F	12. S	12. S	12. M	12. F	12. M
13. L	13. P	13. F	13. S	13. S	13. P	13. F	13. M	13. M	13. F	13. L	13. P
14. S	14. M	14. F	14. M	14. M	14. M	14. L	14. P	14. P	14. F	14. S	14. M
15. M	15. F	15. L	15. P	15. F	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F
16. P	16. F	16. S	16. M	16. M	16. F	16. M	16. F	16. F	16. S	16. P	16. F
17. M	17. L	17. M	17. F	17. F	17. L	17. P	17. F	17. L	17. M	17. M	17. L
18. F	18. S	18. P	18. F	18. F	18. S	18. M	18. L	18. L	18. P	18. F	18. S
19. F	19. M	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. S	19. S	19. M	19. F	19. M
20. L	20. P	20. F	20. S	20. S	20. P	20. F	20. M	20. M	20. F	20. L	20. P
21. S	21. M	21. F	21. M	21. M	21. L	21. L	21. P	21. P	21. F	21. S	21. M
22. M	22. F	22. L	22. P	22. P	22. F	22. S	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F
23. P	23. F	23. S	23. M	23. M	23. F	23. M	23. F	23. F	23. S	23. P	23. F
24. M	24. L	24. M	24. F	24. F	24. L	24. P	24. F	24. F	24. M	24. M	24. L
25. F	25. S	25. P	25. F	25. F	25. S	25. M	25. L	25. L	25. P	25. F	25. S
26. F	26. M	26. M	26. L	26. L	26. M	26. F	26. S	26. S	26. M	26. F	26. M
27. L	27. P	27. F	27. S	27. S	27. P	27. F	27. M	27. M	27. L	27. L	27. P
28. S	28. M	28. F	28. M	28. M	28. L	28. L	28. P	28. P	28. F	28. S	28. M
29. M	29. F	29. L	29. P	29. P	29. S	29. S	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F
30. P	30. F	30. S	30. M	30. M	30. F	30. L	30. F	30. F	30. S	30. P	30. F
31. M		31. M	31. L	31. P	31. L	31. P	31. F	31. F	31. M	31. M	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabiliinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlöðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Helstu viðburðir skólaársins

Ágúst

15.- 18. ágúst - Starfsdagar
19. ágúst - Skólasetning

September

8. sept. - Dagur læsis
10. sept. - Vinnudagur foreldra
16. sept.-Dagur íslenskrar náttúru
24. sept. -Basar vinnudagur foreldra
26.- 30. sept. - Furudalsvika

Október

3. okt. - Foreldraviðtöl
4. okt. - Foreldraviðtöl
8. okt.- Basar vinnudagur foreldra
18.- 21. okt. - Þemadagar
22. okt. - Fyrsti vetrardagur
24.- 28. okt. - Haustfrí

Nóvember

7. nóv. - Luktarhátíð
8. nóv. - Baráttud. gegn einelti
12. nóv. - Basar
14. nóv. - Starfsdagur
16. nóv. - Dagur íslenskrar tungu
20. nóv - Dagur mannréttinda barna
27. nóv. - Aðventugarður

Desember

1. des. - Fullveldisdagurinn
15. des. - Jólaskemmtun
16. des. - Jólamatur
17. des. - Jólabball
19. - 23. des. - Jólafrí
24. des. - Aðfangadagur jóla
25. des. - Jóladagur
26. des. - Annar í jólum
27. – 30. des. - Jólafrí
31. des. - Gamlársdagur

Janúar

1. janúar - Nýársdagur
2. janúar - Starfsdagur
6. janúar - Þrettándinn
20. janúar - Bóndad., þorablót

30. janúar - Foreldraviðtöl

31. janúar - Foreldraviðtöl

Febrúar

6. feb. -Dagur leikskólans
7. feb. - Dagur tónlistarskólans
9. feb. - Sólarkaffi
11. feb. - Dagur íslenska táknmálsins
19. feb. - Konudagur
20. feb. - Bolludagur
21. feb. - Sprengidagur
22. feb. - Öskudagur
23.-28. feb. - Vetrarfrí

Mars

14. mars - Dagur stærðfræðinnar
17. mars - Starfsdagur
18. - 19. mars - Starfsmannahelgi
30. mars - Páskaskemmtun
31. mars - Páskamatur

Apríl

2. apríl - Pálmasunnudagur
3. - 5. apríl - Páskafri
6. apríl - Skírdagur
7. apríl - Föstudagurinn langi
9. apríl - Páskadagur
10. apríl - Annar í páskum
20. apríl - Sumardagurinn fyrsti

Maí

1. maí - Verkalýðsdagurinn
6. maí - Vinnudagur foreldra
9. - 12. maí - Ólympíuleikar
18. maí - Uppstigningardagur
19. maí - Skipulagsdagur kennara
28. maí - Hvítasunnudagur
29. maí - Annar í hvítasunnu

Júní

4. júní - Sjómannadagurinn
8. júní - Skólaslit
9. - 15. júní - Starfsdagar
17. júní - Lýðveldisdagurinn

Tilhögun kennslu

Í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum byggir skólastarfið á waldorfpuppeldis- og kennslufræði. Mikil áhersla er lögð á að stuðla að alhliða þroska nemandans. Uppeldisfræðin hvílir á tveimur meginstoðum. Annars vegar viðhorfum til mannsins og þeirri sýn á veru og eðli mannsins sem birtist í mannspeki Rudolf Steiner og hins vegar þeim hugmyndum sem hann setti fram um félagslega uppbyggingu samfélagsins. Kennsluáætlanir og lotuplön sem gefa yfirlit yfir hvert skólaár eru aðgengilegar á vef Waldorfskólans og afhent foreldrum í upphafi skólaárs.

Jöfn áhersla er lögð á vitsmunalegan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska nemandans. Með vitsmunaproska er m.a. átt við skólun skapandi hugsunar með tilliti til almennra þekkingar og fræðilegra þátta. Með tilfinningaproska er m.a. átt við listrænan þroska, fagurfræðilegt skynbragð, siðgæðis- og félagsþroska. Með líkamlegum þroska er m.a. átt við hreyfiproska, skólun viljans og verklega leikni. Rík áhersla er á listræna og verklega nálgun í allri kennslu. Reynt er að samtvinna alla þessa þætti þar sem mögulegt er og hafa kennsluna eins fjölbreytta og viðfangsefni og aðstæður bjóða upp á. Leitast er við að ná fram lifandi áhuga nemandans á viðfangsefnunum og koma til móts við þarfir og kröfur hans sem einstaklings.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum byggir kennslan á framsögn og miðlun kennarans sem verður að hafa tileinkað sér námsefnið, unnið úr því og gert að sínu eigin fyrir kennslu. Mikil áhersla er á jákvæð viðhorf, sjálfstæð vinnubrögð og skapandi vinnu. Samkennta er í 1.-2. bekk, 3.-4. bekk, 5.-6. bekk, 7.-8. bekk og 9.-10. bekk. Náð samstarf er milli Waldorfskólans Lækjarbotnum og Waldorfleikskólans Yls en þessar tvær einingar eru undir sama þaki, með sameiginlegt útisvæði, eldhús og skrifstofu.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er staðsetning afgerandi og mótar uppeldisstarfi sem fer fram innan stofnunarinnar. Nemendum gefst kostur á að komast í nána snertingu við náttúruna og lifa með hrynjandi árstíðanna. Náttúran og náttúruupplifanir tengjast skólastarfinu á margan hátt. Námsefnið er samofið við náttúruna í Lækjarbotnum í gegnum útinám og útiveru. Íþróttaiðkun er stunduð utandyra á vorin og haustin, nemendur hafa tækifæri á skíðaiðkun á veturnar og eru hvött til að njóta útiveru hvernig sem viðrar. Verkgreinar fara að hluta til fram utandyra svo sem smíði og við kennslu áttthaga- og náttúrufræði er nærumhverfi skólans vettvangur fyrir athuganir og upplifunarnám nemenda.

Reynslan hefur sýnt okkur að í okkar nútíma samfélagi er mikilvægt að hlúa að mannlegum samskiptum. Waldorfskólinn leggur mikla áherslu á félagsþroska og á það að skapa nálægð, annars vegar á milli nemenda og kennara, og hins vegar barnanna á milli óháð aldri og þroska.

Við viljum að nemendur geti umgengist af virðingu og metið verðleika hvers annars. Við gefum þeim eldri tækifæri til að sýna þeim yngri umhyggju og virðingu og þau yngri upplifa dugnað og færni þeirra eldri sem skapar lotningu og eftirvæntingu hjá þeim.

Í tengslum við árstíðabundnar hátíðir, sköpum við vettvang þar sem bekkirnir vinna saman þvert á árganga eða gera góðverk hver fyrir annan og ýmsir aðrir þættir skólastarfsins miða að því að efla félagsvitund.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma sérfræðipjónustu við nemendur, þ.e. námsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, skólahjúkrun og aðra stoðpöjónustu. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði

fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa og metur hvaða viðbótar upplýsinga er þörf. Ráðið tekur ákvörðun um aðgerðir og framkvæmd þeirra. Í nemendaverndarráði situr skólastjóri og fulltrúi kennara. Leitað er til skólasviðs Kópavogs eftir ráðgjöf og stuðningi í málum nemenda eftir þörfum. Nemendaverndarráð starfar samkvæmt Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Á fundum ráðsins er farið yfir þau mál sem vísað er til þess eða eru í vinnslu innan skólans. Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til nemendaverndarráðs. Farið er með allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál. Ákvörðun um forgangsörðun mála er tekin af nemendaverndarráði skólans.

Stuðnings- og sérkennsla

Hlutverk skólans er að styðja nemendur til heilbrigðs þroska í gegnum skólagönguna og hlúa að alhliða þroska nemenda, líkamlegum, andlegum og vitsmunalegum. Grundvöllur sérkennslu er greining á þörfum nemandans. Greiningar á þörfum nemenda eru metnar af umsjónarkennara og fagkennara eða sérfræðingum sem skólinn fær inn til ráðgjafar. Sérkennsla tekur mið af bekkjarkennslunni sem móttast fyrst og fremst af þekkingu umsjónarkennara og fagkennara á þroska barnsins og verður þannig viðbót við það starf sem unnið er í bekkjunum.

Markmið sérkennslu

- Að mæta þörfum nemandans.
- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemandans.
- Að efla hæfni nemenda til félagslegra samskipta.
- Að auka færni nemenda í ákveðnum námsgreinum.

Leiðir: Sérkennsla fer ýmist fram í sérkennslustofu eða inni í bekk. Fagkennari og umsjónarkennari meta hvern nemanda fyrir sig og gera einstaklingsáætlun. Í sumum tilvikum getur sérkennsla farið fram að meginhluta inni í bekk og í aukatímum í sérkennslustofu.

Mat: Í upphafi og lok stuðningstímabils leggur fagkennari mat á stöðu nemenda. Til stuðnings eru einnig upplýsingar frá kennurum og forráðamönnum. Til að tryggja hag nemanda leitast fagkennari eftir stuðningi og fræðslu hjá fagaðilum utan eða innan skólans ef með þarf til að tryggja hag nemenda í samvinnu við nemendaverndarráð.

Heimanám

Tilgangur

Í Waldorfskólanum tengist heimanám þroskastigi barna og umhverfi þess. Heimanám í hefðbundnum skilningi er ekki viðhaft á yngsta stigi en allt bóklegt og verklegt nám barnsins fer fram í skólanum. Flest verkefni eru munnleg og verkleg og eru foreldrar hvattir til að virkja börn sín í að taka þátt í daglegum athöfnum og vinna með hugtök og að dýpkun skilnings þeirra á námsefninu. Á miðstigi hefst heimanám með þeim hætti að í vikulok fer kennari yfir verkefni vikunnar og ef vantar upp á vinnu taka nemendur námsbækur sínar heim til að fullvinna. Einnig eru nemendur hvattir til að afla upplýsinga um ákveðin námsefni. Á unglingastigi hefst hefðbundið heimanám.

Umfang

Heimanám er einstaklingsmiðað og fer eftir hvar barnið er statt þroska- og vitsmunalega séð. Á unglingastigi er fyrst ætlast til að nemendur stundi hefðbundið heimanám og skili skrif- og lestrar verkefnum ásamt öðrum verkefnum sem kennarar leggja fyrir.

Skipulag

Kennarar leggja fyrir heimanám og virkja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða. Á yngra- og miðstigi eru foreldrar virkjaðir til þátttöku með tillögum frá kennurum til að tengja námsefnið við daglegt líf nemenda.

Dagshrynjandi

Nemendur koma flestir með skólarúttunni í skólann og er hún komin í Lækjarbotna kl. 8:35. Skóladagurinn hefst með morgungöngu á haustin og vorin, en þá stoppar rútan við afleggjarann upp í Lækjarbotna og börnin ganga síðasta spölinn í skólann ásamt kennurum og starfsfólki. Yfir háveturinn hefst skóladagurinn á morgunsöng, en þá safnast allir nemendur og kennarar skólans saman í salnum í samsöng.



Stundatöflu er skipt í þrjár eyktir og eru þrjú fög kennd á í þrjá til fjóra daga í fjögurra vikna lotum.

Á mið- og unglingastigi eru fagttímar kenndir tvo daga í viku, mánudag og þriðjudag. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina. Fyrsta eykt er morgun kennslustund þar sem bókleg fög eru kennd í fjögurra vikna lotum, fimm daga vikunnar. Eftir morgun hressingu og útiveru er önnur eykt þar sem tungumál og listræn fög eru kennd í fjögurra vikna lotum. Í hádeginu snæðir hver bekkur með kennara eða leiðbeinanda. Áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til samskipta og umræðna við samnemendur sína og starfsfólk skólans. Þá er hádegismatur þar sem hver bekkur snæðir með kennara.

Eftir hádegi er þriðja eykt sem inniber útiveru og leiki hjá yngri bekkjunum en frá 5. bekk eru listræn og verkleg fög kennd í fjögurra vikna lotum. Í lok dags er hressing áður en skólarúturnar leggja af stað heim kl. 14:30. Nemendur í 1.-6. bekk fara í vettvangsferðir með nesti einu sinni í viku (á mánudögum). Nemendur 7.-10. bekkur eru með vikulega fagttíma í íslensku og stærðfræði, fyrir utan lotukennsluna sem og bekkjartíma /lífsleiknitíma.

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda og skipting milli greina er í samræmi eftirfarandi töflu úr aðalnámskrá grunnskóla. Í töflunni eru sýndar mínútur á viku en í Waldorfskólanum Lækjarbotnum eru tvær 40 mínútna kennslustundir samliggjandi í þrem eyktum á dag.

Námssgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Nánari útfærsla kennslutíma

- 1. bekkur 30 kennslust./viku
- 2. -3. bekkur 30 kennslust./viku
- 4.-5. bekkur 32 kennslust./viku
- 6.-7. bekkur 35 kennslust./viku
- 8.-9. bekkur 37 kennslust./viku
- 10. bekkur 37 kennslust./viku

Í 1.-2. bekk eru viðfangsefnin íslenska og stærðfræði, handavinna, málun, formteikning, matreiðsla, umhverfiskennsla/garðyrkja, lífsleikni og félagsþroski, hrynlíst, smíði, tónlist og leiklist inni á stundaskrá.

Í 3.-4. bekk eru viðfangsefnin formteikning, íslenska, stærðfræði, enska, danska, lífsleikni og félagsþroski, áttahagafræði, umhverfiskennsla og útivist, ýmis konar handverk: tálgun, málun og teikning, handavinna og matreiðsla. Einnig er hrynlíst, tónlist og leiklist inni á stundaskrá.

Í 5.-6. bekk eru viðfangsefnin landafræði, íslenska, enska, danska, formteikning og stærðfræði. Aðrar námssgreinar eru: handavinna, tónlist, leiklist og hrynlíst, umhverfiskennsla/garðyrkja, útivist og hreyfing, matreiðsla og bakstur.

Í 7.-8. bekk eru viðfangsefnin íslenska, stærðfræði, danska, enska, mannkynssaga, náttúrufræði, landafræði, formteikning, stjörnufræði, eðlisfræði, jarðfræði, leiklist, hrynlist, hreyfing og íþróttir, smíðar, handavinna, garðyrkja og matreiðsla.

Í 9.-10. bekk eru viðfangsefnin stærðfræði, íslenska, danska, enska, lífsleikni, samfélags- og trúarbragðafræði, stjörnu- og veðurfræði, jafnréttis- og kynjafræði, íþróttir, upplýsingatækni, eðlis- og efnafræði, líffræði, jarðfræði, mannkynssaga, landafræði, náttúrufræði og garðyrkja. Að auki er handavinna, smíðar, eldsmíði, leiklist, hrynlist og tónlist.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf eru ekki á skólaárinu 2022-2023.

Vettvangsferðir og skólaferðalög

Á yngsta og miðstigi eru vettvangsferðir alla mánudaga. Í lok skólaárs fara allir nemendur með umsjónarkennurum sínum í skólaferðalag. Í lok 10. bekkjar er farið í útskriftarferð til Evrópu en nemendur hefja fjáröflun fyrir útskriftarferð í 8.-9. bekk.

Innritunarreglur

Öll börn á aldrinum 6 - 16 ára geta sótt um skólavist í Lækjarbotnum. Nemendur með lögheimili í Kópavogi hafa forgang. Umsókn fer fyrir inntökunefnd og starfsmannaráð til samþykkis. Í inntökunefnd situr skólastjóri og fulltrúi úr nemendaverndarráði.

Innritun er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Að laus pláss séu í bekkjarárgangi barns.
- Að innritunarnefnd metur álag í bekk viðunandi fyrir velferð barnsins.
- Að skólinn geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart þörfum barnsins, og mætt námslegum og félagslegum þörfum barnsins út frá aðstæðum og möguleikum í skólanum.

Með umsókn skal fylgja umsögn fyrri skóla/leikskóla sem og gögn um greiningar ef einhverjar eru ásamt því að foreldrar fylla út eyðublað um hagi og þroska barnsins. Inntökunefnd metur umsóknina og leggur fyrir tillögur um innritun hjá starfsmannaráði til samþykkis.

Starfshættir inntökunefndar

Inntökunefnd sér um úrvinnslu umsókna um skólavist sem berast skólanum. Ef inntökunefnd metur að umsókn uppfylli inntökuskilyrði eru foreldrar/forráðamenn og barn boðuð í inntökuviðtal. Ef sér-tækur vandi er til staðar getur inntökunefnd óskað eftir aðstoð frá grunnskóladeild menntasviðs Kópavogs til að meta hvort aðstæður í skólanum geti mætt náms- og félagslegum þörfum barnsins.

Tillögur inntökunefndar til starfsmannaráðs taka mið af:

- Fyrirliggjandi upplýsingum, s.s. umsögnum frá skólum, greiningargögnum og inntökuviðtali ef við á.
- Félagslega- og námslega stöðu og líðan í skóla.
- Mat á þörf fyrir skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra

Afgreiðsla umsókna

- Starfsmannaráð tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna inntökunefnda enda hafi nefndin tekið mið af ofangreindu.

- Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra.
- Sé lagt til að umsókn verði hafnað skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem fyrirhuguð synjun er rökstudd. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og upplýstir um kærurétt sinn skv. 47. gr. Grunnskólalaga.

Móttökuáætlun barna með íslensku sem annað mál

Móttökuáætlun Waldorfskólans tekur til innritunar nemanda, formlegs móttökuvíðtals, hlutverks starfsfólks, foreldrasamstarfs, stöðumats nemanda og fræðslu fyrir starfsfólk.

Innritun:

Ábyrgð: Inntökunefnd og skrifstofa.

<i>Nemandi sem er nýkominn til landsins</i>	<i>Nemandi sem hefur búið tímabundið á Íslandi</i>
· Umsjónarkennara tilkynnt um komu nemenda. · Foreldrar boðaðir á fund inntökunefndar og umsjónarkennara ásamt túlki. · Komið á sambandi foreldra og nýbúadeildar Álfhólsskóla.	· Gögn fengin frá fyrri skóla. · Umsjónarkennara tilkynnt um komu nemanda. · Foreldrar boðaðir á fund inntökunefndar og umsjónarkennara ásamt túlki.

Móttökuvíðtal

Ábyrgð: Inntökunefnd og umsjónarkennari.

Móttökuvíðtal er undirbúið. Túlkur pantaður frá Túlka- og þýðingamiðstöð Íslands. Gátlisti fyrir móttökuvíðtal við nemanda sem hefur annað móðurmál en íslensku er haft til hliðsjónar. Inntökunefnd aflar upplýsinga um þá þjónustu sem er í boði fyrir foreldra og nemanda hjá viðkomandi sveitarfélagi.

- Móttökuvíðtalið sitja nemandi, foreldrar/forráðamenn, túlkur, inntökunefnd og umsjónarkennari.
- Foreldrar fylla út ferliblað um móttöku nýbúa ef nemandi er nýkomin til landsins.
- Foreldrar fylla út innritunarblað með aðstoð túlks og fá afhent göng er varða skólavistina.
- Foreldrar fá leiðbeiningar um möguleika á námi í móðurmáli á vegum Tungumálatorgs.
- Samskipti skóla og foreldra er skipulagt í samvinnu við foreldra.
- Fyrsti skóladagurinn ákveðinn.
- Fundur að mánuði liðnum er ákveðinn.
- Farið í kynnisferð um skólann.

Stöðumat

Ábyrgð: Umsjónarkennari og sérkennar

- Stöðumat er tekið í upphafi íslenskukennslu af sérkennara.
- Sérkennari upplýsir umsjónarkennara um stöðu nemanda og gerð er einstaklingsáætlun ef þarf.
- Umsjónarkennari safnar saman upplýsingum um námslega stöðu frá fagkennurum eftir fjórar vikur og metur stöðu nemanda í samvinnu við sérkennara.

Undirbúningur starfsfólks

Ábyrgð: Umsjónarkennari og nemendavernd

Allir starfsmenn skólans fá grunnupplýsingar um nemandann auk námsráðgjafa þjónustumiðstöðvar Kópavogs og hjúkrunarfræðingur skólans. Einn starfsmaður er valinn til að vera sérstakur tengiliður við nemandann fyrir utan umsjónarkennara.

Fyrstu skrefin í skólanum

Ábyrgð: Umsjónarkennari og sérkennari

Fyrstu skóladagarnir

- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn og kynnir nemanda fyrir öðrum kennurum bekkjarins.
- Nemandi fær leiðsögn um skólann, námið, valgreinar og þær tómstundir sem eru í boði innan skólans.
- Umsjónarkennari tryggir að aðrir nemendur tengist nemanda félagslega og að þau samskipti haldist áfram.
- Umsjónarkennari fylgir því eftir að bekkjarfélagar styðji við nemanda.

Undirbúningur bekkjarins

Ábyrgð: Umsjónarkennari

- Nemendum í bekknum sagt frá nýjum nemanda, nafni hans og fjölskylduhögum.
- Heimaland nemanda kynnt (mögulega í samstarfi við aðra nemendur skólans sem eru frá sama landi).
- Nemendur fengnir/valdir til að taka að sér leiðsögn og fylgd fyrstu dagana.
- Foreldrum barna í bekknum tilkynnt um nýjan nemanda.

Áframhaldandi foreldrasamstarf

Ábyrgð: Umsjónarkennari og sérkennari

Að tveimur mánuðum liðnum er annar fundur með foreldrum og kennurum. Fundinn sitja foreldrar/forráðamenn, túlkur og umsjónarkennari og sérkennari.

- Farið yfir námslega stöðu nemandans og líðan í skóla.
- Foreldrum leiðbeint um stuðning við heimanám ef þess er þörf.
- Foreldrar upplýstir um námsmat skólans.

Fræðsla fyrir kennara og starfsmenn

Ábyrgð: Skólanefnd og sérkennari

- Í upphafi skólaárs skal meta þörf á fræðslu fyrir starfsmenn.
- Utanaðkomandi fagaðilar eru fengnir til að vera með fræðslu fyrir starfsmenn.
- Allir starfsmenn kynna sér móttökuáætlun skólans og hvert hlutverk þeirra er í þeirri áætlun.
- Kennarar kynna sér aðalnámskrá grunnskóla, kaflann um *Íslensku sem annað tungumál*.

Val nemenda í 8.-10. bekk

Waldorfskólinn metur val foreldra og nemenda á að stunda nám við skólann sem hluta af vali nemenda í 8.-10. bekk. Valnámskeið eru kennd á þriðjudögum og er hver tími tvöfaldur. Tvöfaldi valtíminn er kenndur í lotu að hausti og að vori. Valnámskeið eru skipulögð í samráði við þarfir og óskir bekkjarins

og einkum hugsuð til að víkka út sjóndeildarhring nemendanna og stuðla að aukinni lífsfyllingu. Þær óskir sem komið hafa fram þetta árið er m.a. smíði og sigling á fleka, leiklist og fjallgöngur. Nemendum gefst einnig kostur á að skrá niður þátttöku sína í tómstundum/íþróttum eða skipulögðu félagslífi eða sjálfböðastarfi og fá þær metnar sem valfag (mest fjórar kennslustundir á viku).

Nemendur í 8.-10. bekkur vinna að listrænu lokaverkefni. Hver nemandi velur eigið viðfangsefni sem hann vinnur að alla önnina í samráði við leiðbeinanda. Verkefnið felst í því að búa eitthvað til frá grunni og útlista það skriflega og á listrænan hátt með framsögu við hátíðlegt tækifæri. Þetta samsvarar um tveimur klukkustundum á viku yfir skólaárið. Nemendur velja einnig í samstarfi við umsjónarkennara hvert farið er í útskriftarferð.

Samstarf við aðra skóla

Skólinn á ekki í formlegu samstarfi við aðra skóla en töluvert er um bekkjarferðalög norrænna og baltneskra Waldorfnemenda og kennara til Íslands og hafa þeir fengið gistingu í skólanum og myndað tengsl við íslenska Waldorfnemendur. Nemendafélagið og einstaka bekkir skólans hafa fengið boð og boðið heim nemendum úr Waldorfskólanum Sólstöfum til að taka þátt í sameiginlegum skemmtunum.

Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

Skólaráð Waldorfskólans starfar í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla*. Í skólaráði Waldorfskólans eiga sæti skólaárið 2022-2023 fyrir hönd skólans, skólastjóri Hildur Margrétardóttir, Anna Rut Steinsson og Þórlaug Sæmundsdóttir. Fulltrúar foreldrafélagsins eru Brynhildur Stefánsdóttir og Sigrún Eiríksdóttir. Betty Gunnarsdóttir er fulltrúi í ráðinu frá velunnurum skólans, Vinir Waldorf. Nemendaráð situr einn skólaráðsfund á önn. Skólaráð er einnig stjórn Waldorfskólans.

Starfsáætlun skólaráðs

Hlutverk ráðsins er fyrst og fremst samráðsvettvangur starfsmannaráðs og skólasamfélagsins um skólahald. Í skólaráði sitja þrír fulltrúar starfseminnar, formaður og varaformaður foreldrafélagsins og einn fulltrúi úr velvildasamfélagi Waldorfskólans. Einnig eiga tveir fulltrúar nemenda í nemendaráði aðgang að skólaráði. Skólaráðið tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu skólans í uppeldisfræði og stefnu menntamálaráðuneytis um skólahald.

Skólaráð Waldorfskólans fjallar um:

- Skólanámskrá, ársskýrslu, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur, umgengnis hætti í skólanum.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, starfsmannaráði, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veitir umsögn sé þess óskað og aðstæður eru til.
- Skólaráðið fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ábyrgð fulltrúa í skólaráði

Skólaráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, starfsmenn skólans eða annað sem þeir verða áskynja um í starfi sínu. Skólaráð fundar tvisvar á haustönn og vorönn, boðað er til fundar með viku fyrirvara. Aðalfundur er haldinn í desember og boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá sendist út með dags fyrirvara. Ef einhver málefni þurfa að koma á dagskrá skólaráðsfundar þarf að berast tilkynning með 2 daga fyrirvara. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Heimilt er að fella niður fund ef mæting næst ekki.

Foreldrafélag

Innan foreldrafélagsins vinna þrír hópar – Hugur, Hjarta, Hönd – hver með sínar áherslur. Oddvitar foreldrafélagsins leiða hvern þessara hópa, sem hittast einu sinni í mánuði. Á 6-8 vikna fresti hittist stjórn foreldrafélagsins til að vinna að málefnum sínum auk þess að stilla saman strengi með vinnuhópunum. Hópar innan foreldrafélagsins funda eftir þörfum.

Hugur

Hugur einbeitir sér að skýrum samskiptaleiðum foreldra, skóla og barna. Stendur m.a. fyrir fyrirlestrum og fræðslu af ýmsum toga og styður við nemendaráð. Tekur þátt í gerð foreldrahandbókar og útfærslu á fréttabréfi.

Hjarta

Hjartað er hlýjan í starfsemi foreldrafélagsins. Það einbeitir sér að því að byggja upp samfélagið með það fyrir augum að rækta vináttu, gestrisni og þakklæti. Hjartað sér um að bjóða nýja foreldra formlega velkomna í samfélagið og hjálpar til við skipulagningu á hátíðum og samkomum yfir árið þar með talið jólabasarinn, opið hús og samverustund foreldra.

Hönd

Höndin beinir kröftum sínum að umhverfi skólans. Hún vinnur að því að viðhalda mannvirkjum á skólalóðinni, að fegra umhverfið og að tryggja öryggi nemenda og kennara. Handarhópurinn sér m. a. um að: skipuleggja viðhald á skólahúsnæðinu, þróa útileiksvæði, fegra umhverfið m.a. með skógrækt, skipuleggja vinnuhelgar og helgarþrif.

Nemendaráð

Kolbeinn Tumi Pétursson, 7. bekk.

Kormákur Steinn Jónsson, 8. bekk.

Ágúst Freyr Bjarnason, 8. bekk.

Karítas Jónsdóttir, 8. bekk.

Íris Anna Kalkidan, 9. bekk.

Brynhildur Birna Hjaltadóttir, 9. bekk.

Ragnar Hrafn Logason, 10. bekk.

Úlfur Örn Ívarsson, 10. bekk.

Starfsáætlun nemendaráðs

Við Waldorfskólanum í Lækjarbotnum starfar nemendaráð og bera bekkjarkennarar ábyrgð á stofnun þess. Í nemendaráði situr a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 7.-10. bekk sem nemendur úr þessum bekkjardeildum velja sjálfir. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal starfsmannaráð sjá til þess að nemendaráð fái stuðning eftir þörfum.

Nemendaráð hefur aðkomu að skólaráðsfundum og fær jafnframt til umsagnar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Nemendaráð á reglulega fundi með kennara sem er tengiliður nemendaráðs og starfsmannaráðs.

Vinna í nemendaráði í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum er formleg framlenging á grundvallarstarfi skólans sem felur í sér að kenna nemendum hvað samfélag er, hvaða lögum og reglum maður mætir þegar fólk á að vinna saman, af hverju leikreglur eru nauðsynlegar, og hvernig þær verða til. Hugsjón Waldorfskólans er sú að lýðræðisþátttaka nemenda skapi góð skilyrði fyrir nemendur skólans og sé mikilvæg forsendan fyrir opnu og öruggu námsumhverfi.

Það er afgerandi fyrir sjálfsmynd nemenda að þeir upplifi að þeir geti tekið þátt í því sjálfir hvernig skólasamfélagið mótast. Waldorfskólinn leggur áherslu á að þetta verður að gerast á uppeldisfræðilegan hátt. Væntingum um þátttöku og að fá að vera með í ákvarðanatöku verður að mæta með raunverulegum, en jafnframt raunsæjum hætti. Í 12. grein Barnasáttmálans segir að nemendur hafi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós, með þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða hag þeirra og að það sé tekið tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum gildir sú hefð að nemendurnir fái að upplifa, því eldri sem þeir verða, því meira ákvörðunarvald fái þeir innan skólasamfélagsins.

Foreldrasamstarf

Símaskrá

Í upphafi hverrar annar sendir skólinn út símaskrá með nöfnum nemenda, foreldra og starfsfólki skólans ásamt símanúmerum og netföngum. Einnig er þar hægt að nálgast önnur mikilvæg símanúmer sem tengd eru skólanum.

Vefsíða

Á vefsíðu skólans koma fram allar helstu upplýsingar er varða skólastarfið. Foreldrar hafa sér svæði fyrir sig m.a. til fjáröflunar.

Foreldrahandbók

Foreldrahandbók er gefin út til þess að veita foreldrum og þá sérstaklega nýjum foreldrum innsýn í starf Waldorfskólans í Lækjarbotnum. Þessi handbók er til fyrir alla foreldra og geta þeir sótt bókina á foreldrahluta vefsíðu skólans. Handbókin er reglulega uppfærð.

Fréttabréf

Til þess að gefa foreldrum innsýn í daglega lífið í skólanum eru sendar út mánaðarlegar örfréttir þar sem farið er yfir helstu atriði skólastarfsins, árstíðarbundin verkefni, hátíðir og skipulag. Einnig senda bekkjarkennarar með jöfnu millibili út stutta tölvupósta til þess að leyfa foreldrum að fylgjast með því sem er í gangi hverju sinni hjá bekknum.

Samfélagsmiðlar

Skólinn er með opna Facebook- og Instagram síður þar sem valdar myndir birtast til að gefa foreldrum myndræna innsýn í skólastarfið.

Foreldraviðtöl og foreldrafundir

Foreldraviðtölin byggja á 20 mínútna einstaklingsviðtölum við foreldra barna í skólanum. Bekkjarkennari og eftir atvikum fagkennari eða sérkennari ræða um börnin, þroska þeirra og námsframvindu, líðan og félagslega stöðu. Viðtölin fara fram tvisvar sinnum á vetri, einu sinni á hvorri

önn. Á unglingastigi eru nemendur boðaðir með foreldrum í foreldraviðtöl a.m.k. einu sinni á vetri. Bekkjarkennari á einnig formlegt samtal við hvern einstakan nemanda á unglingastigi einu sinni á vetri innan skólatíma. Þar fyrir utan er reynt að skapa rými fyrir einsleg samtöl þegar þess er þörf. Nemendur hafa almennt mjög gott aðgengi að kennurum og lögð er áhersla á trúnaðartraust milli nemenda og kennara.

Einnig eru haldnir foreldrafundir hjá hverjum bekk tvisvar til fjórum sinnum á ári sem þar sem allir foreldrar bekkjarins koma saman. Bekkjarkennari heldur utan um þessa fundi og erum þeir einkum ætlaðir til að miðla upplýsingum, ræða um kennsluefnið og þroskaferil barnanna, félagslega stöðu og líðan nemenda. Við skólasetningu fá allir foreldrar afhenda foreldrahandbók þar sem fram koma upplýsingar um skólastarfið á komandi skólaári. Einu sinni á hverju skólaári er foreldrafundur sem allir foreldrar eru boðaðir á. Sá fundur er haldin á vorönn en á sér ekki fastan dag í skóladagatali. Þá er gjarnan fenginn utanaðkomandi aðili til að halda erindi um eitthvað ákveðið þema, Waldorf-uppeldisfræðina eða annað sem tengist starfi skólans og er til fræðslu og uppbyggingar.

Sú sérstaða tíðkast í mörgum Waldorfskólum að kennarar yngstu barnanna (1.-4. bekkur) fari í heimsókn á heimili nemenda sinna. Heimsóknin veitir kennaranum tækifæri á að upplifa barnið á heimavelli þess og njóta samveru með foreldrum og barninu í þeirra umhverfi. Þetta er gert þar sem því er komið við. Hver kennari ákveður símatíma og með hvaða hætti þeir haga símtölum frá foreldrum. Foreldrum er einnig bent á að hringja á skólatíma og kennari hringir til baka þegar tækifæri gefst.

Skólabragur og skólareglur

Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er að hver og ein manneskja sýni sjálfri sér, öðrum og umhverfi sínu virðingu með framkomu sinni, orðum og gerðum. Við þurfum hvert og eitt að taka ábyrgð á sjálfum okkur í samfélagi manna og sýna vilja til góðra verka. Í stað þess að einblína á reglur, boð og bönn er hvatt til jákvæðra samskipta, því að byggja upp sjálfstraust og sjálfsaga. Með því að þjálfa með nemendum sjálfsstjórn er lögð áhersla á að rækta með þeim hæfnina til þess að meta aðstæður, hugsa áður en þeir framkvæma og meta hugsanlegar afleiðingar orða og verka. Með auknum sjálfsaga læra nemendur að taka ábyrgð á orðum og athöfnum.

Skólareglur eru settar fram af starfsfólki skólans og nemendum sjálfum og yfirfarnar reglulega.

1. Nemendur koma fram af virðingu við starfsfólk skólans og samnemendur og sýna almenna kurteisi og tillitsemi í orði og verki.
2. Nemendur fylgja fyrirmælum starfsfólks.
3. Nemendur ganga hljóðlega um skólahúsnæði. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver starfsmaður og nemandi á rétt á því að fá frið til að sinna sínum verkefnum í leik eða starfi.
4. Nemendur ganga vel um skólann, eigur hans og annarra jafnt úti sem inni.
5. Skólalóðin er leiksvæði okkar allra og við sýnum sanngirni í leik og starfi. Snjókast stundar engin/n án gagnkvæmrar vitundar og samþykkis annarra. Þetta á við um alla leiki. Nemendur renna sér á sleðum sunnan megin við rauða húsið. Krafa er um hjálm og annan viðeigandi hlífðarbúnað ef börnin renna sér á öðru en venjulegum snjópotum (s.s. stýrissleðar, snjóbretti, skíði o.þ.h.).
6. Ekki er leyfilegt að stunda fótbolta á skólalóðinni.
7. Ekki er leyfilegt að yfirgefa svæðið nema með sérstöku leyfi.
8. Notkun farsíma eða annarra rafeindatækja er ekki leyfileg á skólatíma.
9. Nemendur mæta ekki með sælgæti eða tyggigúmmí í skólann.

Frávik frá skólareglum:

Mikilvægt er að starfsmenn, foreldri og nemendur séu meðvituð um æskilega hegðun og viðbrögð við hegðunarfrávikum. Hegðunarfrávikum er skipt upp í tvö stig eftir alvarleika. Flestum málum lýkur yfirleitt með leiðsögn og ábendingu, það á við um öll mál sem flokkast undir fyrsta stigs hegðunarfrávik.

1. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að tilfinningaviðbrögð, sinnu- og skeytingarleysi ráði för og því ástæða til að leiðbeina barni um hegðun. Dæmi:

- Fylgir ekki fyrirmælum.
- Ögrun, þras, endurtekin rifrildi, hávaði sem truflar athafnir og vinnu annarra.
- Særandi eða niðrandi orðbragð.
- Hrindingar og ögrandi snertingar.
- Óstundvísi og of sein mæting í tíma.
- Símanotkun og notkun annara tækja með óleyfilegum hætti.

Viðbrögð og eftirfylgni 1. stigs frávik

Nemandi er tekinn afsíðis frá hópnum og rætt er við hann. Grennslast fyrir um málsatvik. Nemandi er leiðbeint og lögð áhersla á að hann skilji hvaða reglu hann braut og viti hvernig hann á að bregðast við næst. Lögð er áhersla á að kennari/starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu. Ef nemandi sýnir ítrekað fyrsta stigs hegðunarfrávik samsvarar það 2. stigs hegðunarfrávik og skal framfylgt samkvæmt því.

2. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að illgirni, mikil vanstilling og/eða vanvirðing ráði athöfnum og/eða orðum nemenda, atferli sem veldur öðrum vanlíðan. Dæmi:

- Endurtekin stríðni, vanvirðing og eða hrekkir.
- Stympingar og áflog.
- Óhlýðni og mótprói við að fylgja fyrirmælum.
- Skróp í tíma.
- Endurtekin notkun síma og annara tækja með óleyfilegum hætti.
- Skemmdir eða hnupl á eignum skólans eða annarra.

Viðbrögð og eftirfylgni 2. stigs frávik

Kennari hefur samband við foreldri/a eða forráðafólk. Kennari skráir atvikið. Daginn eftir gera foreldrar grein fyrir því hvaða niðurstöður samtal þeirra og nemenda skilaði með símtali eða tölvupósti. Ef kennari telur þörf á eru foreldri ásamt barni boðuð í samtal.

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni eftir 2. stigs frávik

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni enda þá orðin alvarleg truflun á skólastarfi þá kallar bekkjarkennari námsráðgjafa, foreldri/a og barn á fund þar sem unnin er fram umbótaáætlun. Bekkjarkennarar, námsráðgjafi og foreldri/ar vinna fram umbótaáætlun fyrir börn fram að 7. bekk. Nemandinn er síðan kallaður á fund þar sem farið er yfir umbótaáætlunina. Nemendur frá 7.- 10. bekk koma að gerð eigin umbótaáætlunarinnar.

Mat á skólastarfi

Með Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er skólum gert að meta allt skólastarf með kerfisbundnum hætti. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat sem er það kerfi sem skólinn setur sjálfur upp til að meta sem flesta þætti í starfi sínu og hins vegar ytra mat sem er þá mat utanaðkomandi aðila.

Á vikulegum starfsmannafundum fer fram formlegt innra mat á skólastarfinu. Á fundunum eru þættir eins og nemenda- og starfsmannakannanir, foreldrafundir og foreldrasamtöl eru ígrunduð og metin, framkvæmd hátíða og skólaskemmtana eru endurmetin, þemadagar og aðrar upptakur svo sem starfsdagar, námskeið og fyrirlestrar eru teknir fyrir eftir að atburður hefur átt sér stað. Lagt er mat á undirbúning, framkvæmd og gildi atburðarins. Í matsferlinu koma oft fram hugmyndir að breytingum sem eru teknar saman og skoðaðar við undirbúning fyrir næsta skipti. Endurmatið er skráð í fundargerð sem síðar er tekið saman og skráð í viðburðarmöppu, eftir því sem við á.

Þverfaglegir fundir um einstaka bekkjardeildir eru haldnir reglulega þar sem fjallað er um bekkinn sem félagslega heild og einstaka nemendur. Tilgangur þverfaglegu fundanna er að skapa sem mesta heild milli bóklegra, verklegra og listrænna námsgreina og jafnframt að skapa sameiginlega vitund um nemendur innan hvernar bekkjardeildar. Þetta er skráð í bekkjarmöppu. Starfsmannaráð hefur umsjón með innra mati skólans og skipulagi þess. Námsmat nemenda og sjálfsmat kennara er framkvæmt við hver lotuskil.

Viðfangsefni innra mats

Þeir þættir sem eru viðfangsefni innra mats á þessu skólaári eru eftirfarandi:

- Formlegt mat á viðburðum sem eiga sér stað í skólastarfinu á vikulegum starfsmannafundum að viðburði liðnum.
- Starfsmannakönnun- líðan kennara.
- Nemendakönnun -skrifleg könnun er lögð fyrir nemendur í lok lotu í kjarnafögum og valgreinum af fagkennurum.
- Nemendakönnun - skrifleg könnun á líðan nemenda.

Niðurstöður kannana eru teknar fyrir af starfsmannaráði sem hefur það að markmiði að bregðast við neikvæðum niðurstöðum og vinna að úrbótum.

Umbótaáætlun

Að hausti 2014 gerði Námsmatsstofnun úttekt á starfsemi Waldorfskólans Lækjarbotnum, svokallað Ytra mat. Markmið þeirrar úttektar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla. Í skýrslu Námsmatsstofnunar sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tillögur til umbóta. Starfsmannaráð Waldorfskólans í Lækjarbotnum og þau er málið varðar, hafa kynnt sér innihald skýrslunnar og sett fram tímasetta áætlun um með hvaða hætti og hvenær brugðist verður við þeim tillögum og ábendingum er fram koma í skýrslunni.

Umbótaáætlun var endurskoðuð haustið 2017 þar sem gerð er grein fyrir þeim þáttum sem er lokið og áætlun varðandi þá þætti sem er ólokið. Umbótaráætlunin er endurskoðuð og uppfærð árlega.

Svið 1 - Stjórnun	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Aðlaga greinanámskrár að aðalnámskrá grunnskóla.	Skólinn sótti um að gerast þróunarskóli og fylgja greinanámskrá norskrar Waldorfskóla-námskrár en var synjað um það. Verið er að staðfæra erlendar greinanámskrár og aðlaga að íslensku aðalnámskránni.	Starfsmannaráð	Lokið að hluta. Sex fög hafa verið þýdd, íslenska, stærðfræði og samfélagsfræði. Áhersla verður lögð á að ljúka þessu fyrir lok skólaársins 2022-2023.
Birta skólanámskrá og starfsáætlun á heimasíðu.		Starfsmannaráð	Lokið að hluta. Skólanámskrá er í þýðingarferli og lýkur 2023. Starfsáætlun 2022-2023 hefur verið samþykkt.
Svið 2 - Nám og kennsla	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Gera þarf grein fyrir viðmiðum um árangur í námsgreinum í skólanámskránni.	Viðmið um árangur verða sett fram í skólanámskrá.	Starfsmannaráð	Lokið að hluta. Áhersla verður lögð á að ljúka þessu fyrir lok skólaársins 2022-2023 en viðmið hafa verið þýdd og staðfærð í íslensku, stærðfræði, erlendum tungumálum, samfélagsfræði, náttúrufræði og landafræði úr norsku Steinerskólanámskránni.

Svið 3. Innra mat	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Meta markmið skólanámskrár með markvissum hætti.	Uppfærð áætlun um innra mat veturinn 2022-2023.	Skólanefnd	Ekki lokið. Vor 2023.

Upplýsingar um stoðþjónustu

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan Urðahverfi sinnir lögbundinni heilsugæslu fyrir Waldorfskólann. Annað hvert ár koma hjúkrunarfræðingar og hitta börn í 1., 4., 7. og 9. bekk skólans til að sinna mælingum á vexti og þroska. Einnig er gerð hefðbundin skimun með sjón-, lit- og heyrnarmælingum. Einu sinni til tvisvar að vetri hefur skólinn staðið fyrir því að fá hingað til lands mannspekilækni. Mannspekilæknar eru með hefðbundna læknamenntun í grunninn en hafa því til viðbótar numið mannspekilækningar. Mannspekilæknir sinnir fyrst og fremst fræðslu og ráðgjöf til foreldra og starfsfólks.

Námsráðgjafi

Námsráðgjöf er hagað þannig að nemendur í elstu árgöngum skólans fá samtöl hjá námsráðgjafa á vegum Kópavogsbæjar varðandi framhaldsnám, starfskynningar og áhugasviðskannanir. Öðrum hlutverkum námsráðgjafa er sinnt með aðkeyptri þjónustu.

Sálfræði- og barnaverndarþjónusta

Sérfræðiþjónusta vegna nemenda er sótt til skólasviðs Kópavogs. Nemendur skólans hafa haft möguleika á að nýta sér þjónustu sem barnaverndarnefnd Kópavogsbæjar eða önnur sveitarfélög bjóða upp á í þeim tilfellum sem til þarf. Nemendaverndarráð ásamt umsjónarkennarar skólans hafa milligöngu með að nálgast þessa þjónustu. Skólinn hefur einnig aðgang að faglegri ráðgjöf frá menntasviði Kópavogs.

Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Skólinn hefur löngum lagt mikla áherslu á ferðalög sem mikilvægt þroskataækifæri jafnt fyrir einstaklinginn og hópinn. Allir bekkir fara í eina eða fleiri ferðir yfir árið. Þetta eru bæði dagsferðir og lengri ferðir innanlands. Eldri bekkir skólans hafa einnig farið erlendis.

Skólinn er með sterk vinabönd við Skaftholt en það er bóndabær í Gnúpverjahreppi. Þar er stunduð lífræn ræktun og þar er jafnframt sambýli fatlaðra einstaklinga. Skólinn hefur heimsótt Skaftholt, einu sinni til tvisvar á ári. Nemendur hafa þá gist í litlu sumarhúsi, eldað og vaskað upp, tekið þátt í daglegum bústörfum og átt ógleymanlegar stundir með hvort öðru og kynnst samfélaginu í Skaftolti í starfi, leik og skemmtun s.s. á sameiginlegum kvöldvökum.

Eldri bekkir skólans hafa gist einu sinni til tvisvar á önn í skólanum til að styrkja tengslin innan bekkjarins og brjóta upp skólastarfið hverju sinni. Ýmsar aðrar uppákomur hafa verið, t.d. jólaball og hrekkjarvökuball sem nemendaráð skipuleggur og uppákomur í tilefni af öskudeginum.

Foreldrafélag Waldorfskólans stendur fyrir ýmis konar uppákomum. Jólabasarinn er árlegur viðburður og taka foreldrar þátt í undirbúningi með þátttöku í ýmis konar vinnu við gerð handverks sem er til sölu á basarnum. Vinnuhelgi er mikilvægur félagslegur viðburður í Lækjarbotnum bæði haust og vor. Þá hittast fjölskyldur barnanna með börnin með sér og sinna ýmis konar viðhaldi og umbótum á skólahúsnæði og útileiksvæði. Vinnuhelgar er skipulagðar af foreldrafélaginu og starfsfólki skólans.

Símenntunaráætlun

Námskeið og gestakennarar:

Í ágúst á hverju ári er haldið viku námskeið „Oslokurs“ í Waldorffuppeldisfræðum á vegum Steinerhöyskolen Oslo og Rudolf Steiner University College í Noregi. Flestir kennarar við skólann velja að fara á þetta námskeið sem er viðurkennd símenntun fyrir Waldorfkennara en nokkrir hafa valið að fara á aðrar ráðstefnur og námskeið sem lúta að þeirra sérsviði, til dæmis tónlistarkennslu og stærðfræðikennslu. Allir kennarar í skólanum hafa möguleika á að sækja þá símenntun sem þeir hafa áhuga á. Í byrjun ágúst 2022 var Oslokurs haldin á netinu og sóttu allir kennarar skólans námskeið, fyrir utan stærðfræðikennari sem sótti námskeið hjá Jamie York. Skólastjóri sótti í símenntun hjá Skólastjórnarfélagi Íslands, en tvær ráðstefnur voru haldnar á haustmánuðum á vegum félagsins.

Dawne Mcfarlane, sagnapula og fyrrverandi deildarstjóri við Rudolf Steiner Center i Toronto er mentor fyrir yngra stig á haustönn. Á skólaárinu kemur hún til landsins og mun starfa með kennurum og foreldrum en meginþema er sagnir og sagnahefðir.

Ivar Heckser og Johan Albom, héldu fyrirlestra um starfsmannastjórnun í Waldorfskólum í ágúst 2022.

Gerhart Meyer, kennir steinsmíði á haustönn á unglingastigi.

Eiríkur Knútur Gunnarsson, er gestakennari og kennir dönsku á unglingastigi á haust- og vorönn

Henk Jan, er gestakennari sem hefur komið til landsins undanfarin ár og unnið með kennurum unglingastig skólans. Henk starfar bæði sem leirlistamaður og waldorfkennari.

Jonathan Swan, kennir efnafræði á vorönn á unglingastigi.

Stefan Gorm Petterson, kennir upplýsingamennt á unglingastigi.

Fyrirlestrar fyrir kennara, foreldra og almenning:


Skólinn stendur að fyrirlestrum yfir veturinn og námskeiðum sem hafa verið opin almenningi. Skólinn tekur einnig á móti hópum, t.d. frá öðrum skólum sem vilja fá stutt námskeið um Waldorffuppeldis- og kennslufræði. Fyrirlestur um tónlistarkennslu fyrir kennara beggja Waldorfskólanna á Íslandi verður haldinn í byrjun nóvember og annar fyrirlestur um waldorfskólanámskránni í vikunni þar á eftir verður haldin fyrir foreldrasamfélagið og skólasvið Kópavogs.

Innra samstarf og endurmenntun

Á vikulegum fundum starfsmannaráðs eru teknir fyrir fyrirlestrar eða fagbækur um Waldorffuppeldisfræði. Að auki hafa fagkennarar skólans markvisst leitt samkennara sína inn í sín störf til að efla heildarsýn á nám nemendanna og stuðla að heilsteypara samstarfi.

Rýmingaráætlun

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum og Waldorfleikskólanum Yl er í gildi áætlun um rýmingu skólahúsa ef upp kemur eldsvoði eða annað sem krefst þess að byggingar séu rýmdar í flýti. Á hverju vori fara umsjónarkennarar yfir þessa áætlun með nemendum og æfa viðbrögð bekkjarins. Á hverju vori fer einnig fram allsherjar æfing sem nær til allra starfsmanna og nemenda skólans og leikskólans þar sem viðbrögð eru æfð.



Starfssvæði og kort

Starfssvæðiskort og nafnalistar eru í hverri skólastofu ásamt öryggiskössum. Í upphafi hvers skólaárs er farið yfir rýmingaráætlun með starfsfólki skólans og hver lærir sitt hlutverk. Mikilvægt er að allir starfsmenn aðstoði við framkvæmd áætlunar. Í viðbragðsstjórn sitja einn fulltrúi leikskóla og tveir fulltrúar skóla.

Helstu starfssvæði:

- A) Aðalaðkoma skólans/leikskólans.
- B) Aðkoma sjúkrabíla (að og frá).
- C) Staðsetning síma/tölvu.
- D) Slysastofa.
- E) Söfnunarsvæði lítið slasaðra.
- F) Söfnunarsvæði í upphafi utanhúss.
- G) Söfnunarsvæði eftir frumathugun vegna rýmingar skólans/leikskólans.
- H) Lendingarsvæði þyrlu.

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

1. Matráður fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboði kemur.
2. Matráður kannar orsök og hvort hættuástand er að ræða. Slekkur á brunabjölllu, en ef eldur er laus fer brunabjalla strax aftur í gang.
3. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofa og fara eftir rýmingaráætlun hvernar kennslustofu fyrir sig.

4. Matráður hringir í öryggismiðstöð eða neyðarsíma 112 og gefur skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista. Starfsfólk rýmir skólann og fer á söfnunarsvæði F (eldstæði).
5. Þegar komið er á söfnunarsvæðið fer hver hópur á sitt svæði og kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta að allir nemendur hafi komist út. Ef ekki ber hann að tilkynna umsjónarmanni söfnunarsvæðisins, ritara.
6. Ritari fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér og hvar þeir sáust síðast. Ritari hefur með sér möppu með nafnalistum hvers stigs ef umsjónarkennari hefur ekki sinn nafnalista.
7. Ef slökkvilið kemur á staðinn þá er það matráður eða fulltrúi úr viðbragðsstjórn hans sem gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
8. Farið er með nemendur og starfsfólk í Skemmuna eftir nafnakall hvers bekks og deildar fyrir sig.

Rýmingar á kennslustofum

1. Starfsmaður velur flóttaleið.
2. Allir safnast saman við eldstæði, svæði F.
3. Leikskólabörn raða sér upp í klukkuröðun en bekkir í árgangaröð, frá yngsta og upp í elsta bekk.
4. Umsjónarkennarar hafa með sér nafnalista og merkja við.
5. Ef eldur kemur upp í frímínútum safnast nemendur saman af lóð á svæði F (eldstæði).
6. Starfsfólk í eldhúsi hefur umsjón með rýmingu í matsal.
7. Ritari telur starfsfólk og tekur mætingabók og starfsmannalista.
8. Rýming taki um 4 mínútur.

Kennari yfirgefur síðast byggingu og lokar dyrum.

Viðbrögð við vá

Ef upp kemur vá er öryggisteymi skólans kallað saman fundarnefnd til ráðgjafar og aðstoðar.

Veikindafaraldur

Á vef embættis landlæknis er að finna áætlun sem skólinn vinnur eftir ef upp kemur veikindafaraldur.

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta

Verði jarðskjálfti á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun almannavarna ríkisins. Kennarar fara yfir viðbrögð við jarðskjálfta á haustönn.

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

Viðbragðsáætlun við eldgos

Yfirleitt gera eldgos boð á undan sér á jarðskjálftamælum en verði eldgos á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun almannavarna.

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/>

Viðbragðsáætlun vegna óveðurs

Farið er eftir tilmælum almannavarna í útvarpi og veðurfréttum. Mikilvægt er að foreldrar fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Skólinn er opin nema annað sé tilkynnt. Ef óveður brestur á, á skólatíma, skal hafa í huga að nemendur eru öruggir í skólanum og foreldrar þurfa ekki að hafa áhyggjur af börnum sínum. Rúta með nemendum fer ekki af stað nema að vel athugu máli og í samráði við björgunarsveitir ef búið er að lýsa yfir óveðurstigi eða ófærð.

Ef fella þarf niður kennslu vegna óveðurs á skólatíma er viðbragðsáætlun vegna óveðurs virkjuð:

- a) **Fyrirséður stormur:** fundarstjórar leikskóla og skóla taka ákvörðun um lokun skóla að fengnu samráði við rútufyrirtæki og með tilliti til tilkynningar frá veðurstofu.
- b) **Ófyrirséður stormur:** fundarstjórar leikskóla og skóla taka ákvörðun um brottfaratíma. Fundarstjórar skipa hópstjóra sem sér um að raða í rútur og stýrir á staðnum. Skrifstofa sér um að hafa samband við neyðarlínu 112 og rútufyrirtæki. Send eru út boð til foreldra með hefðbundnum hætti. Nemendum er komið í hendur forráðamanna í öruggri fylgd starfsmanna eða annarra aðila sem til þess eru fengnir, til dæmis björgunarsveit.

Skólaakstur

Vegna staðsetningar skólans í Lækjarbotnum þá eru tvær skólarútur sem sinna daglegum skólaakstri. Um 45 nemendur og tveir starfsmenn í hvorri rútu auk bílstjóra.

Daglegar ferðir:

Kjarvalsstaðir - Mjódd - Rauðavatn - Lækjarbotnar.

Rúta fyrir 1.-10. bekk og leikskólabörn:

Rútan mætt að Kjarvalsstöðum kl. 7:45 - Brottför kl. 8:00.

Frá Rauðavatni kl. 8:20.

Komin í Lækjarbotna kl. 8:35.

Frá Lækjarbotnum kl. 14:30.

Frá Rauðavatni kl. 14:40.

Komin á Kjarvalsstaði kl. 15:00.

Rúta fyrir 1.-10. bekk:

Rútan mætt að Kjarvalsstöðum kl. 7:45- Brottför kl. 8:00.

Frá Mjódd kl. 8:15.

Komin í Lækjarbotna kl. 8:35.

Rútan mætt í Lækjarbotna kl. 14:20.

Frá Lækjarbotnum kl. 14:30.

Frá Mjódd kl. 14:45.

Komin á Kjarvalsstaði kl. 15:00.

Skólamáltíðir

Í skólanum er boðið upp á fjölbreytt og næringarríkt fæði (fjóra daga í viku). Áhersla er lögð á lífrænt ræktað græn- og kornmeti við matreiðslu skólamatar. Matráður eldar allan mat frá grunni og matseðill skólans tekur mið af árstíðum og framboði hverju sinni.

Skólinn á sinn eigin matjurtagarð, gróðurhús, jurta- og ávaxtagarð og berjabrekkur. Á vorin sjá nemendur um að sá og setja niður útsæði í skólagarðana en að hausti er ríkuleg uppskera. Nemendur mæta í skólann í ágúst og uppskera og stendur uppskerutíminn allt fram í október.

Skólaeldhúsið verslar beint frá bændum lífrænt grænmeti sem búið er að yfir veturinn. Aðaluppistaða matseðils skólans er grænmetisfæði, en á ákveðnum hátíðum er breytt til og þá er boðið upp á kjöt (Drekaleikur, jólamatur, Þorablót og Sprengidagur).

Annað er varðar starfsemi skólans ár hvert

Skólinn er opinn frá 8:30-14:30. Veikindi nemenda eru skráð í Námfús af forráðamönnum og ef óskað er eftir leyfi á sér stað samtal við viðkomandi bekkjarkennara.

Skrifstofa skólans er opin alla almenna kennsludaga frá 8:30-12:30.